

26.4.2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 1. grein núverandi laga verði breytt og verði í heild svohljóðandi:

- **1. gr.** Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags.
 - Sjóðurinn veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Sjóðnum er heimilt samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum að veita námsmönnum námslán til aðfaranáms, allt að 60 stöðluðum framhaldsskólæiningum, sé námið skipulagt af viðurkenndum háskóla á Íslandi og samþykkt af ráðherra.

Gerð er athugasemd við þá fyrirætlan löggjafarvaldsins að festa enn frekar í sessi þá skipan að almennt bóknám á framhaldsskólastigi verði lánshæft fyrir suma nemendur en ekki aðra. Einnig er gerð athugasemd við það að nám á framhaldsskólastigi sé í boði innan háskólastofnana. Eðlilegra er að þetta nám sé í heild boðið innan framhaldsskólanna og skipulagt með ólíkum hætti fyrir fullorðna annars vegar og unglinga hins vegar. Því er lagt til að greininni sé breytt þannig:

- **1. gr.** Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags.
 - Sjóðurinn veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Sjóðnum er heimilt samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum að veita námsmönnum námslán til aðfaranáms, allt að 60 stöðluðum framhaldsskólæiningum, sé námið samþykkt af ráðherra.

Virðingarfyllt,

Guðrún hrefna Guðmundsdóttir skólameistari

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Símar: 570 5611 og 899 2123